

Vefstóllinn er strangur húsbóndi

— segir Ásgerður Búadóttir sem hlaut myndlistarverðlaun DV fyrir árið 1981

„Vefstóllinn er strangur húsbóndi. Þú þarft að vera gædd mikilli þolinmæði, enda hafa vinnuaðferðirnar ekki breytzt í þúsund ár,” segir Ásgerður Búadóttir vefari.

Hún er „oddviti íslenskra vefara”, eins og það var orðað við afhendingu myndlistarverðlauna DV. Og eftir að hafa slegið vef sinn í þrjátíu ár er hún komin í hóp virtustu listamanna, ekki aðeins hérlandis heldur einnig erlendis. Síðasta föstudag fór hún til Stokkhólms að vera við opnun sýningar þar sem aðeins eru tveir listamenn frá hverju Norðurlanda (Frá Íslandi eru hún og Valgerður Briem og eru einu konurnar í hópnum). Hún verður ásamt þrem öðrum fulltrúi íslenskra myndlistarmanna á sýningunni „Scandinavia Today” í Bandaríkjunum næsta haust. Í janúar var hún eini erlendi gesturinn á 50 ára afmælis-sýningu „Koloristanna” í Kaupmannahöfn.

Þannig eru karlmenn ekki spurðir

Ásgerður Búadóttir er gift Birni Th. Björnssyni listfræðing og eiga þau þrjú börn. Það liggur því beint við að spyrja hvernig hún hafi getað samræmt heimilið og vefnaðinn og hvort það sé kannske bara þægilegt að geta haft vefstólinn í dagstofunni, segja börnunum sögur og hlusta eftir hvort ekki sjóði upp úr pottunum meðan fönndar er við ullarbandið.

Ásgerði blátt áfram sárnar. „Mundirðu nokkurn tíma spyrja karlmann þannig?” spyr hún á móti.

Það eru reyndar ekki nema þrjú, fjögur ár síðan hún gat flutt vefinn úr stofunni upp á loft og fengið næði fyrir sig. Og hvílkur munur! Fyrsta verkið sem hún óf þar uppi, „Þar sem eldurinn aldrei deyr”, hangir í fundarsal hjá Norræna menningarsjóðnum í Kaupmannahöfn.



„Fyrir mér er ullin það sem litirnir eru málaranum. En þú getur ekki málað yfir neitt. Og þú sérð ekki nema 35 sentimetra breiða ræmu af verkinu í einu.”

„Að geta unnið að minnu ótrufluð, það er svo gott,” segir hún.

Skammdegið er minn beztí tími

„Og mér finnst skammdegið beztí tíminn,” segir hún enn fremur. „Það er

svo nótalegt og friðsælt. Mér finnst það ekki loka mig inni. Málarnir verða margir þunglyndir í skammdeginu og segjast ekki geta málað við rafmagnsljós. Samt sýna þeir allt í raf-ljósi.”

Hún reynir að útskýra hvað það krefst mikillar einbeitingar að skapa stóran myndvefnað.

„Fyrir mér er ullin það sem litirnir eru málaranum. En vefari verður að vera miklu öruggari. Þú getur ekki málað yfir neitt. Og þú sérð ekki nema mjóa ræmu af verkinu í vefnum, 35 sentimetra.”

Ásgerður litar iðulega sjálf ullarbandið, einkum rautt og blátt. Þótt hún noti náttúrulitina mikið þá er óskaplega mikið handverk í kringum þetta.

Það þarf að rekja, setja upp í vefinn

og hvað með hrosshárið harða sem í verkum hennar undirstrikar mýkt ullarinnar? Eitthvað þarf sjálfsagt að vinna það.

„Já, ég þvæ það úr þúsund vötnum,” segir Ásgerður.

Hún vandar verkið til hins ýtrasta og hlífir sér hvergi. Ef henni finnst sér ekki hafa heppnast nógu vel þá sker hún niður vefinn og fer með hann út í óskutunnu. Kannske margra vikna verk.

Kannske þurfa konur að leggja harðar að sér

Hún er sjálfmenntuð í þessari listgrein. Hún lærði að mála og teikna, fyrst í handiðaskólanum, síðan á akademíunni í Kaupmannahöfn. „En þar var alls ekki kennt að vefa,” segir

hún.

Sem listamaður er hún ekki í hópi þeirra sem taka skyndilegum stökkbreytingum. Verk hennar hafa þróast hægt og hægt: „Eitt leiðir af öðru — ég er ugglást afskaplega seinþroska.”

Hún kemur aftur og aftur að því hvað það sé dýrðlegt að hafa fengið eigin vinnustofu.

Samt vill hún ekki kenna öðrum um en sjálfri sér hve seint það gerðist.

„Auðvitað var ég af gamla skólanum, lét börn og heimili ganga fyrir. Og það veit hver einasta kona að maður hefur minni tíma með litil börn. Það heftir.

En samt má ekki nota það of mikið sem afsökun. Sumar konur eiga engin börn og... Ég meina, það er ekki gefið að þú nái árangri þótt þú hafir mikinn tíma. Það er líka margt annað en börn sem getur tafið.

En ef þú hefur einhverja gáfu, sem þú getur með árunum þroskað og þjáfað, þá... ”

Svo segist hún halda að konur þurfi að vera, ja, hvernig, til að afreka svipað og karlmaðurinn — hún leitar að rétta orðinu: „ekki gáfaðri, ekki sterkari, en kannske þurfa þær að leggja harðar að sér.”

Það eina sem skiptir máli: Að yrkja hreint

Oft er hún spurð: Er ekki gaman að vefa?

„Þá verð ég svo reið. Ég hristi þetta ekki fram úr erminni. Ég hugsa afskaplega mikið um það og finnst það stundum fjarska leiðinlegt.

En spurningin er ekki um það heldur hvort manni hefur tekist að gera því skil sem maður hefur ætlað sér að gera. Hvað þú hefur baslað skiptir engu máli að lokum.”

Hún hugsar sig um, heldur svo áfram: Við sáum Hús skáldsins um daginn. Ég varð svo hrifin, las allar bækurnar um Ljósvíkinginn aftur. Það sem ég vildi segja kemur fram í orðum Ólafs Kárasonar þar sem Laxness lætur hann segja við vin sinn eitthvað á þessa leið: Í framtíðinni, þegar mín mynd er löngu horfin, þá verður ekki spurt hvað skáld át í mál, né hvort það svaf vel á nóttunni heldur: Hafði hann íslenskt orðferi, orti hann hreint?”

Og það er einmitt þessi sterka þrá eftir að yrkja hreint sem hefur gert Ásgerði Búadóttur að því sem hún er.

-ihh-

KVIKMYNDAMARKAÐURINN
VIDEO • TÆKI • FILMUR
Skólavörðustíg 19, sími 15480

Snyrtistofa

Elínar Vigfúsdóttur

Langholtsvegi 126 — sími 38480.

Bjóðum upp á alla almenna þjónustu.

Fótaaðgerðir — andlitsböð — litun —

— handsnyrtingu

Opið virka daga kl. 9—18.

Megrunarnámskeið

Vegna mikillar eftirspurnar hefst nýtt 12 vikna megrunarnámskeið 3. marz (bandarískt megrunarnámskeið sem notið hefur mikilla vinsælda og gefið mjög góðan árangur). Síðasta námskeið vetrarins.

Upplýsingar og innritun í síma 74204.

Kristrún Jóhannsdóttir
manneldisfræðingur.


Aðalfundur

Tollvörugeymslunnar hf. verður haldinn miðvikudaginn 24. febrúar 1982 kl. 16.00 í fundarsal Kassagerðar Reykjavíkur, Kleppsvegi 33 Reykjavík.

Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum félagsins.

Stjórnin.



Ásgerður á gólfinu í vinnustofu sinni. „Ég vinn bezt í skammdeginu. Þegar vorar langar mig að fljúga út í lönd.”